

REGLUR

um kaupaukakerfi váttryggingafélaga.

1. gr.

Skilgreiningar.

Framkvæmdastjóri: Einstaklingur sem stjórn váttryggingafélags ræður til þess að standa fyrir rekstri þess í samræmi við ákvæði laga nr. 56/2010 um váttryggingastarfsemi eða hlutafélagalaga nr. 2/1995, burtséð frá starfsheiti að öðru leyti.

Kaupaukakerfi: Starfsreglur váttryggingafélags um kaupauka.

Kaupauki: Greiðslur og hlunnindi til starfsmanns, m.a. reiðufé, sérstakar lífeyrisgreiðslur og kaupréttir, venjulega skilgreint með tilliti til árangurs, sem ekki eru þáttur í föstum starfskjörum starfsmanns, þar sem endanleg fjárhæð eða umfang greiðslu liggur ekki fyrir með nákvæmum hætti fyrirfram.

Lykilstarfsmaður: Einstaklingur í stjórnunarstarfi hjá váttryggingafélagi, annar en framkvæmdastjóri, sem hefur umboð til að taka ákvarðanir sem geta haft áhrif á framtíðarþróun og afkomu félagsins.

Félag: Váttryggingafélag samkvæmt lögum nr. 56/2010 um váttryggingastarfsemi.

2. gr.

Gildissvið.

Reglur þessar gilda um váttryggingafélög, sbr. lög nr. 56/2010 um váttryggingastarfsemi.

Reglur þessar hafa ekki áhrif á kjarasamningsbundin réttindi eða skyldur starfsmanna.

Undanþegið reglum þessum eru árangurstengdar greiðslur sem veittar eru váttryggingasölumönnum vegna sölu váttrygginga.

3. gr.

Almennar reglur um kaupaukakerfi.

Félag sem hyggst greiða einum eða fleiri starfsmönnum sínum kaupauka er skylt að koma á kaupaukakerfi sem stjórn félagsins skal samþykka að fengnu álit starfskjaranefndar sé slíkri nefnd til að dreifa. Kaupaukakerfi skal samræmast þeim markmiðum sem það á að tryggja, sbr. 4. gr., og efni þessara reglna að öðru leyti.

Framkvæmdastjóra félags ber að tryggja að samningar og greiðslur til allra starfsmanna samræmist kaupaukakerfi félagsins og gildandi lögum. Kaupaukakerfi félags skal endurskoðað a.m.k. árlega þannig að tryggt sé að það taki mið af stöðu félagsins hverju sinni og aðstæðum á fjármála- og váttryggingamörkuðum. Við þessa endurskoðun skal einnig tekið mið af reglulegu innra mati váttryggingafélags á áhættu starfseminnar. Kaupaukakerfi má ekki stuðla að því að heildargreiðslur vegna kaupauka á ársgrundvelli ógni getu félagsins til þess að skila hagnaði.

Félag skal gera Fjármálaeftirlitinu grein fyrir gildandi kaupaukakerfi í gegnum skýrsluskilakerfi Fjármálaeftirlitsins. Ef Fjármálaeftirlitið fer þess á leit skal félagið rökstyðja að kaupaukakerfi samræmist markmiðum 4. gr. og reglum þessum að öðru leyti. Breytingar sem samþykktar eru á kaupaukakerfi skulu án tafar sendar Fjármálaeftirlitinu. Upplýsingum um kaupaukakerfi sem sendar eru Fjármálaeftirlitinu skal fylgja úttekt og greining á kaupaukakerfinu, sbr. 5. gr. reglna þessara.

Félagi sem veitir enga kaupauka er ekki skylt að setja sér sérstakar reglur um kaupauka, enda staðfesti stjórn félagsins í gegnum skýrsluskilakerfi Fjármálaeftirlitsins eigi síðar en í febrúar ár hvert að félagið muni ekki greiða neina kaupauka það árið.

4. gr.

Markmið kaupaukakerfis.

Kaupaukakerfi skal miða að því að kaupaukar:

1. hvetji ekki til óhóflegrar áhættutöku,
2. vinni ekki gegn langtímahagsmunum félagsins og váttryggingartaka og stöðugleika á váttryggingamarkaði,

3. leiði ekki til hagsmunaárekstra,
4. samræmist sjónarmiðum um vernd viðskiptavina félagsins, kröfuhafa og hluthafa, og
5. samræmist að öðru leyti góðum venjum og viðskiptaháttum í váttryggingaviðskiptum og heilbrigðum og traustum rekstri váttryggingafélags.

5. gr.

Eftirlit innan váttryggingafélags með kaupaukakerfi og framkvæmd þess.

Þegar við á og a.m.k. árlega skulu eftirtaldir aðilar framkvæma úttekt og greiningu á hvort kaupaukar samræmast kaupaukakerfi félags og reglum þessum:

1. Áhættustýring skal greina áhrif kaupaukakerfis á áhættusnið (e. risk profile) og rekstur félagsins.
2. Lögfræðisvið og/eða regluvarsla félags skal greina hvernig uppbygging kaupaukakerfis hefur áhrif á framfylgni félagsins við lög og reglur, þ.m.t. reglur þessar og innri reglur félagsins.
3. Innri endurskoðun skal með reglubundnum hætti kanna uppbyggingu, framkvæmd og áhrif kaupaukakerfis félagsins. Liður í eftirlitinu skal m.a. vera árviss úttekt á heildarstarfskjörum framkvæmdastjóra og lykilstarfsmanna. Við þá úttekt skal m.a. litið til hvers kyns greiðslna frá dótturfélögum, sbr. 7. tölul. 1. mgr. 9. gr. laga um váttryggingastarfsemi, ef slíkum tengslum er til að dreifa. Auk þess skal gerð úttekt á kaupaukagreiðslum til annarra starfsmanna.

Telji framangreindir aðilar tilefni til athugasemda skulu þeir án tafar tilkynna stjórn félagsins og Fjármálaeftirlitinu um slíkar athugasemdir.

Eigi síðar en í febrúar á hverju ári skal stjórn váttryggingafélags sjá til þess að úttekt og greining samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar á kaupaukakerfi félagsins verði send Fjármálaeftirlitinu þar sem rökstutt er hvernig kaupaukakerfi félagsins samræmist góðum venjum og viðskiptaháttum og heilbrigðum og traustum rekstri váttryggingafélags samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga um váttryggingastarfsemi.

6. gr.

Jafnvægi á milli fastra launa og kaupauka.

Í kaupaukakerfi skal byggt á þeirri meginreglu að hæfilegt jafnvægi sé á milli fastra launa og kaupauka.

Samtala veitts kaupauka til starfsmanns, að meðtöldum þeim hluta greiðslu sem er frestað, má á ársgrundvelli ekki nema hærri fjárhæð en 25% af árslanum viðkomandi án kaupauka.

Í kaupaukakerfi skal á því byggt að samsetning kaupauka, hvort sem um er að ræða greiðslu í reiðufé, eignarhlut í félaginu eða blöndu mismunandi þátta, sé ákvörðuð út frá því sjónarmiði að hún stuðli að heilbrigðum og traustum rekstri félagsins til langframa.

Ávallt skal fresta greiðslu hluta af kaupauka, a.m.k. 40% af honum, um að lágmarki þrjú ár. Við mat á því hvort fresta beri greiðslu um lengri tíma en þrjú ár skal höfð hliðsjón af áhættum starfseminnar og eðli þeirra starfa sem viðkomandi starfsmaður hefur með höndum fyrir félagið.

Ef heildar kaupauki starfsmanns á ársgrundvelli nemur ekki hærri fjárhæð en 10% af árslanum starfsmanns án kaupauka er heimilt, þrátt fyrir ákvæði 4. mgr., að greiða kaupaukann út án frestunar.

Þegar félag veitir kaupauka í formi eignarhluta í félaginu og hyggst fresta afhendingu hans eða þegar félag veitir kauprétt og eignast í tengslum við slík viðskipti tímabundið eigin eignarhluti skal þess gætt að samanlagt hlutfall eignarhluta samræmist 53. gr. laga um váttryggingastarfsemi. Félagi er skylt að bókfæra slíka eignarhluti í efnahagsreikningi félagsins og er óheimilt að varðveita slíka eignarhluti í öðru félagi.

7. gr.

Áhrif kaupauka á fjárhagsstöðu félags.

Kaupaukakerfi má ekki stuðla að því að heildargreiðslur eða framtíðarskuldbindingar vegna kaupauka á ársgrundvelli ógni getu félagsins til að skila hagnaði eða takmarki getu þess til að styrkja gjaldþol sitt.

8. gr.

Ráðningarkaupaukar.

Í kaupaukakerfi er óheimilt að gera ráð fyrir tryggðum kaupauka, þ.e. kaupauka sem starfsmaður fær óháð árangri í starfi.

Ákvæði 1. mgr. kemur þó ekki í veg fyrir:

1. að félag veiti starfsmanni staka greiðslu á fyrsta ári við ráðningu, svokallaðan ráðningarkaupauka,
2. desemberuppbót og/eða orlofsuppbót umfram kjarasamningsbundnar greiðslur eða aðrar greiðslur þar sem allir starfsmenn félags fá greidda sömu upphæð eða sama hlutfall af mánaðarlaunum.

Samtala ráðningarkaupauka og annars kaupauka, að meðtöldum þeim hluta greiðslu sem er frestað, til starfsmanns á fyrsta ári ráðningar má á ársgrundvelli ekki nema hærri fjárhæð en 60% af árslaunum viðkomandi án kaupauka. Ákvæði 4. mgr. 6. gr. um frestun á greiðslu hluta kaupauka á einnig við um ráðningarkaupauka.

Ef til starfsloka kemur hjá starfsmanni sem síðar er ráðinn að nýju til félagsins eða annars félags innan samstæðu félagsins innan þriggja ára frá fyrri starfslokum er óheimilt að veita honum ráðningarkaupauka.

9. gr.

Mat á áhættu.

Þegar félag hyggst greiða kaupauka skal það taka mið af áhrifum áhættu á þann árangur sem félagið hyggst umbuna fyrir.

Kaupaukakerfi skal mæla fyrir um að starfsmenn eigi ekki viðskipti, t.d. afleiðuviðskipti, í því skyni að verja sig fyrir áhættu vegna kaupauka.

10. gr.

Mat á árangri.

Við ákvörðun kaupauka starfsmanns skal ekki aðeins litið til árangurs hans, heldur jafnframt árangurs þeirrar viðskiptaæiningar sem hann tilheyrir, frammistöðu félagsins í heild og þeirrar áhættutöku sem liggur árangrinum til grundvallar. Félagið skal einnig líta til þess hvort starfsmaður fylgi innri reglum og ferlum félagsins og hvort hann virði lög og stjórnvaldsfyrirmæli í störfum sínum, einkum um samskipti við viðskiptavinum.

11. gr.

Lækkun, afturköllun eða endurgreiðsla kaupauka.

Kaupaukakerfi skal taka mið af því að kaupaukar verði ekki veittir eða aðeins veittir að litlu leyti ef ein eða fleiri af eftirtöldum aðstæðum skapast:

1. Þegar tilskilin frammistaða viðkomandi starfsmanns næst ekki.
2. Þegar tilskilin frammistaða viðkomandi viðskiptaæiningar eða deildar innan félagsins næst ekki.
3. Þegar tilskilin frammistaða félagsins næst ekki, t.d. þegar félagið uppfyllir ekki þær fjárhagskröfur sem gerðar eru í V. kafla laga um váttryggingastarfsemi.
4. Þegar starfsmaður fylgir ekki reglum eða innri ferlum félagsins eða virðir ekki lög eða stjórnvaldsfyrirmæli í störfum sínum.

Kaupaukakerfi skal tryggja að félagi sé heimilt að afturkalla þegar ákveðinn kaupauka sem ekki hefur verið greiddur út þegar einhverjar af þeim aðstæðum sem tilgreindar eru í 1. til 4. tl. 1. mgr. skapast.

Kaupaukakerfi skal tryggja að félagi sé heimilt að endurkrefja starfsmann um þegar útgreiddan kaupauka ef í ljós kemur að árangur hans hefur að verulegu leyti vikið frá því sem gert var ráð fyrir við töku ákvörðunar um kaupauka. Kaupaukakerfi skal mæla fyrir um að samningar séu þannig útbúnir að endurkröfu megi hafa uppi við starfsmann í vissan tíma jafnvel þótt hann starfi ekki lengur hjá félaginu. Frestur til að setja fram endurkröfu á hendur starfsmanni skal aldrei vera skemmri en fimm ár frá því að ákvörðun um greiðslu kaupauka var tekin.

Kaupaukakerfi skal tryggja að kaupauki, sem hefur verið ákveðinn en ekki greiddur vegna frestunar, sbr. 6. gr., skuli ekki greiddur þegar að fyrirhuguðum greiðsludegi kemur ef staða félagsins hefur versnað verulega eða útlit er fyrir að staða félagsins muni versna verulega.

Sé félagið undir sérstöku fjárhagseftirliti hjá Fjármálaeftirlitinu eða óvissa ríkir um gjaldþol félagsins skulu engir kaupaukar greiddir þar til telja má víst að félagið hafi á ný öðlast trausta fjárhagsstöðu.

12. gr.

Sérákvæði um stjórnarmenn.

Óheimilt er að greiða stjórnarmönnum félags kaupauka.

13. gr.

Sérákvæði um starfsmenn sem starfa við áhættustýringu, innra eftirlit og innri endurskoðun.

Kaupaukar skulu ekki greiddir starfsmönnum sem starfa við áhættustýringu eða innri endurskoðun. Félagi ber að hafa hliðsjón af þessu við ákvörðun fastra launa slíkra starfsmanna, sbr. einnig 1. mgr. þessarar greinar.

14. gr.

Upplýsingagiöf og gagnsæi.

Allir starfsmenn skulu upplýstir um meginatriði kaupaukakerfis. Starfsmenn sem hljóta kaupauka á grundvelli kaupaukakerfis félagsins skulu upplýstir um þau atriði sem áhrif hafa á greiðslur til þeirra.

Áunnin réttindi starfsmanna samkvæmt kaupaukakerfi skulu færð til gjalda á hverju ári eftir því sem reikningsskilareglur kveða á um.

Á aðalfundi skal hluthöfum gerð grein fyrir meginatriðum kaupaukakerfis með skýrum hætti.

Í ársreikningi skal gerð grein fyrir kaupaukakerfi félagsins og áunnum kaupaukaréttindum lýst. Þar skulu a.m.k. koma fram upplýsingar um heildarskuldbindingar félagsins vegna kaupauka, annars vegar þær skuldbindingar sem komu til greiðslu á reikningsárinu og hins vegar þær framtíðarskuldbindingar sem félagið hefur tekist á hendur vegna kaupaukagreiðslna, sbr. ennfremur lagaákvæði sem gilda um reikningsskil félagsins. Auk þess skal í ársreikningi gerð grein fyrir heildarstarfskjörum, þ.e. ekki aðeins kaupaukum heldur öllum greiðslum og hlunnindum, framkvæmdastjóra og lykilstarfsmanna.

15. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglur þessar eru settar á grundvelli 1. mgr. 55. gr. laga nr. 56/2010 um váttryggingastarfsemi og taka þegar gildi.

Váttryggingafélög skulu í fyrsta sinn senda Fjármálaeftirlitinu upplýsingar um kaupaukakerfi í samræmi við reglur þessar eigi síðar en 1. október 2012, ásamt úttekt og greiningu á kaupaukerfinu sbr. 5. gr. reglna þessara.

Váttryggingafélagi er skv. 1. mgr. 55. gr. laga nr. 56/2010 um váttryggingastarfsemi aðeins heimilt að greiða kaupauka í samræmi við reglur þessar.

Fjármálaeftirlitinu, 23. mars 2012.

Unnur Gunnarsdóttir.

Valdimar Gunnar Hjartarson.